

Áfengis- og fíkniefnameðferð á stofnunum erlendis

Sjúkratryggingar afgreiða umsóknir vegna fíknimeðferðar á erlendum sjúkrastofnunum á grundvelli 23. gr. a. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008, sbr. reglugerð nr. 484/2016.

Í lögum um sjúkratryggingar er kveðið á greiðslur Sjúkratrygginga fyrir lækni-meðferð erlendis og hafa ákvæði laganna verið nánar útfærð í reglugerðum. Þá gilda einnig evrópskar reglur á þessu sviði.

Í 23. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008 er fjallað um brýna lækni-meðferð erlendis þegar ekki er unnt að veita nauðsynlega aðstoð hér á landi, sbr. reglugerð nr. 712/2010. Þar kemur fram að Sjúkratryggingar greiða fyrir nauðsynlega lækni-meðferð erlendis ef ekki er unnt að veita viðeigandi nauðsynlega aðstoð hér á landi. Fíknimeðferð er í boði á Íslandi og er Sjúkratryggingum því ekki heimilt að samþykkja slíka meðferð erlendis á grundvelli 23. gr. laga nr. 112/2008.

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. EB/883/2004 skal sjúkratryggður einstaklingur fá heimild, til að fara til annars EES-aðildarríkis í þeim tilgangi að fá þar viðeigandi lækni-meðferð, áður en meðferð er veitt. Ákvæðið á við þegar bið eftir lækni-meðferð hér á landi er lækni-fræðilega óásættanleg. Að mati Sjúkratrygginga er lækni-fræðilega ásættanlegur biðtími eftir viðeigandi meðferð hér á landi. Því telja Sjúkratryggingar ekki heimild til staðar til að samþykkja meðferð erlendis á grundvelli framangreindrar 20. gr. reglugerðar nr. EB/883/2004.

Þeir einstaklingar sem óska eftir að dveljast á meðferðarstofnunum erlendis vegna fíknar geta samt sem áður óskað eftir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga á grundvelli 23. gr. a. laga nr. 112/2008, sbr. reglugerð nr. 484/2016. Skilyrði er að sótt sé um meðferð erlendis, innan aðildarríkja EES samningsins, til Sjúkratrygginga áður en meðferð hefst, ef meðferðin krefst innlagnar eða óslitinnar meðferðar í meira en sólarhring, sbr. 9. gr. reglugerðarinnar. Þær meðferðir sem þarfnast ekki innlagnar krefjast ekki fyrir fram samþykkis stofnunarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðarinnar. Sjúkratryggingar endurgreiða viðkomandi sömu fjárhæð og meðferð hér á landi hefði kostað og aldrei meira en raunkostnað meðferðarinnar erlendis.

Sjúkratryggingum er ekki heimilt að greiða ferða- og uppihaldskostnað.

Hvernig er sótt um samþykki áður en meðferð fer fram:

- Starfandi læknir á Íslandi sendir inn umsókn til Sjúkratrygginga um samþykki stofnunarinnar fyrir meðferð erlendis. Einstaklingar geta sótt um sjálfir en þá þurfa að fylgja með læknisfræðileg gögn sem styðja við umsóknina.
- Þegar mál hefur verið afgreitt fær umsækjandi birt afgreiðslubréf þess efnis.

Ef umsókn er samþykkt, greiðir umsækjandi sjálfur fyrir meðferðina og sækir síðan um greiðsluþátttöku þegar heim er komið með því að senda inn eftirfarandi gögn:

- Viðeigandi umsókn.
- Sundurliðaður, viðurkenndur reikningur á ensku úr bókhaldskerfi þjónustuveitanda.
- Greiðslustaðfesting.

Verklagsregla: Áfengis og fíknimeðferð er sem fyrr segir í boði hér á landi, bæði á geðdeildum og hjá SÁÁ. Algengt er að meðferð sem þarfnast innlagnar standi yfir í 10 daga (afeitrun) + 28 daga (eftirmeðferð) eða að hámarki í 38 daga. Fjárhæð endurgreiðslu, fyrir meðferð sem krefst innlagnar, árið 2026 er því að hámarki kr. 835.000,- fyrir 10 daga fráhvarfsmeðferð og að hámarki kr. 878.500,- fyrir 28 daga eftirmeðferð að lokinni afeitrun.

Regla þessi gildir frá 1. janúar 2026